



Innviðaráðuneyti
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík
irn@irn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 3. október 2023

Efni: Umsögn SI um breytingar á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til máls nr. 169/2023, á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011, m.s.br.

Í kynningu um málið á samráðsgátt sem og athugasemdum við drögin kemur fram að tilgangur frumvarpsins er að tryggja að styrkveitingar á grundvelli laganna um flutningsjöfnun séu í sem mestu samræmi við markmið laganna en þar er lagt til að framangreindar tillögur verði lögfestar og taki til styrkveitinga sem veittar eru árið 2024. Þá er settur sá fyrirvari á að gildistími laganna er til loka árs 2025 og gert er ráð fyrir að regluverkið verði tekið til frekari skoðunar fyrir þann tíma.

Af fyrirbyggjandi drögum má því ráða að verið er að auka styrkveitingar til minni innlendra framleiðenda á grundvelli laganna og um leið tryggja að þau framlög sem veitt eru vegna svæðisbundinnar flutningsjöfnunar séu samræmi við lög og stefnu stjórnvalda í málaflokknum.

SI taka undir framkomnar tillögur að breytingum og styðja við áform um að styrkja stoðir smærri framleiðenda er viðkemur flutningskostnaði. SI gera því ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi drög að frumvarpi til laga.

SI gera að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við innviðaráðuneyti.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Lárus M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála